



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík – Njarðvík
Pósthólf 100 Sími 92-3100

76. fundur

skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja var haldinn miðvikudaginn 30. mars, 1983, kl. 5 e.h. Fundinn sóttu: Jón Böðvarsson, skólameistari, Gunnar Sveinsson, formaður skólanefndar, Bogi Hallgrímsson, Eggert Ólafsson, Halldór Guðmundsson, Ómar Bjarnþórsson, Ellert Eiríksson fulltrúi Gerðahrepps, Ingólfur Halldórsson, aðstoðarskólameistari, Sturlaugur Ólafsson, fulltrúi kennara, Kalla Björg Karlsdóttir, fulltrúi nemenda, og Valtýr Guðjónsson, ritari.

Í upphafi fundar og utan dagskrár ávarpaði Halldór Guðmundsson formann skólanefndar, Gunnar Sveinsson, sem varð sextugur 11. þ.m. Fór hann viðurkenningarorðum um störf Gunnars í þágu skólans, en hann hefur verið formaður nefndarinnar frá upphafi, og átt drjúgan þátt í stofnun skólans og mótun. Halldór þakkaði Gunnari ágæt störf í þágu skólans, færði honum Ritsafn Þorsteins Erlingssonar og bestu árnaðaróskir. Gunnar þakkaði.

Þetta var tekið fyrir:

1. Kennararáðningar:

Skólameistari reifaði málið og gat þess að flestir settir kennarar skólans hefðu sóttu um endurráðningu, en þeir eru:

Anna Lea Björnsdóttir (íþróttir)
Baldur Sigurðsson (íslenska)
Gísli Torfason (félagsgreinar og stærðfræði)
Guðmundur Bjarni Guðbjörnsson (rafiðnaðargreinar)
Guðni Kjartansson (íþróttir)
Gunnar Bergmann (bókavarsla og málakennsla)
Gunnar Þórarinnsson (viðskiptagreinar)
Héðinn Skarphéðinsson (tréiðnagreinar)
Helgi Eiríksson (saga)
Hjálmar Árnason (íslenska)
Jón Agnar Ármannsson (raungreinar)
Jón Arason Valdimarsson (málmiðnagreinar)

Maja Loebell (þýska)

Magnús Óskar Ingvarsson (heilbrigðisgreinar og stærðfræði)

Sigríður Geirsdóttir (enska)

Sigríður Bílddal Ruesch (vélrítun og bókfærsla)

Sturlaugur Ólafsson (tréiðnagreinar)

Sumarrós Sigurðardóttir (danska og enska)

Sævar Reynisson (viðskiptagreinar)

Allmiklar umræður urðu um þennan dagskrárlið. Fulltrúar kennara og nemenda viku að venju af fundi meðan fjallað var um málið.

Til máls tóku auk skólameistara og formanns þeir Halldór Guðmundsson, Ellert Eiríksson og aðstoðarskólameistari.

Samþykkt var með sex samhljóða atkvæðum að mæla með umsóknum þessum öllum. Formanni og skólameistara var falið að koma afgreiðslu nefndarinnar á framfæri við menntamálaráðuneytið.

Eftirtaldir fyrirvarar og athugasemdir voru þó gerðir:

- a) afgreiðslu tillagna um skipun í stöður var frestað til næsta fundar
- b) lagt verði til að starfssvið Gunnars Bergmanns verði óbreytt
- c) ráðning Jóns Valdimarssonar verði látin bíða uns skráningu nýnema lýkur í öndverðum júní
- d) stöðuhlutfall Önnu Leu breytist úr hálfu í heilt, og stöðuhlutfall Guðmundar Bjarna úr heilu starfi í hálf
- e) starf Sturlaugs Ólafssonar verði auglýst til þess að uppfylltar verði formkröfur sem á skortir til þess að skipa megí hann í starf. Í auglýsingu verði krafist meistararéttinda í iðngrein.

Fram kom að fjórir settir kennarar: Anna Patricia Aylett, Gunnar Jónsson, Sigurlaug Kristmannsdóttir og Skúli Benediktsson hafa enn ekki óskað eftir endurráðningu. Enn eru óljós ýmis atriði varðandi kennslugreinar og kennslumagn á vorönn. Verður því að fjalla um kennararáðningar á næsta fundi nefndarinnar. Samþykkt var að fara þess á leit við menntamálaráðuneytið að auglýst verði eftir kennurum í íslensku, erlendum málum, stærðfræði, eðlisfræði og sérgreinum á tréiðnabraut. Tekið verði fram að þar sé krafist meistararéttinda í iðngrein.

2. Gunnar Sveinsson las minnisþunkta frá 5. mars sl., um hugmyndir að fjárfestingum á árinu 1983, gerða af honum, Halldóri, Boga og skólameistara.
- a. Breyting á biðstofu umsjónarmanns, áætl. allt að kr. 25.000.-
 - b. Tækjakaup vegna mötuneytis kennara og nemenda, ím/ubreytingu á eldhúsi. " " " 90.000.-
 - c. Ýmis kennslutæki " " " 110.000.-
 - d. Tæki v. téiknikennslu " " " 117.000.-
 - e. Tæki v. málsmíði " " " 40.000.-
 - f. Tæki v. rafiðnabrautar " " " 66.000.-
 - g. Tæki v. kælitækni- og stýrikenndslu o.fl. " " " 95.000.-
 - h. Málning n.h. skólahúss, en hún hefur ekki verið máluð síðan hún var byggð. " " " 20.000.-

Tilboða verði leitað í verk. Samþykkt með fyrirvara um að fé verði fyrir hendi. Ingólfur skýrði nokkuð b. lið, sýndi uppdrátt að breytingu eldhúss, og benti á að reynslu þyrfti á hinn nýja þjónustubátt þ.e. pakkasölu áamat fyrir nemendur, áður en slegið væri fastri lendarlegri skipan. Nemendur munu sjálfir kaupa matinn.

Þá var rætt um lagfæringu lóðar norðan við skóláhúsið sem áætlað er að geti kostað allt að kr. 400.000.-, samkvæmt upplýsingum garðyrkjustjóra Keflavíkurbæjar. Lóðir íþróttahússins og fjölbrautaskólans liggja saman, og þarf að haga verkum á svæðinu í samræmi við það. Ekki var tekin ákvörðun í þessu máli. Ennfremur var rætt um hönnun á viðbyggingu við skólann og sýndur skipulagsuppdráttur að skólasvæðinu. Þegar er skórtur á kennslurými. Sturlaugur taldi nauðsynlegt að hönnunarvinna færi fram í Keflavík þar sem hingað væru þegar komnar stofnanir sem geta annast slíka vinnu eins vel og aðilar á Reykjavíkursvæðinu. Ingólfur skýrði ýmsar aðstæður varandi lagfæringar og undirbúning nýbyggingar.

Til þess að kanna þörf á auknu kennslurými, einkum fyrir rafiðnabraut, voru kosnir þeir Gunnar, Jón og Ingólfur. Rætt var um hvort næsta vetur skuli kenndan verklegar greinar á hársnyrtibrautum, en ákvörðunvar frestað.

3. Gera þarf fjárhagsáætlun fyrir árið 1984 þar sem undirbúningur fjárlaga fyrir það ár fer að hefjast. Samþykkt var að fela formanni og skólameistara, auk Halldórs, Boga og reiknishaldara að semja drög að fjárhagsáætlun fyrir skólann árið 1984.
4. Fulltrúar kennara og nemenda báru fram athugasemdir og fyrirspurnir varðandi lið 1 hér að framan, og var þeim svarað.
5. Önnur mál:
 - a. Skólameistari flutti skýrslu um starfsviku, sbr. meðfylgjandi fylgiskjal.
 - b. Skólameistari skýrði frá því að félag ungra Sjálfsstæðismanna í Keflavík sem er 35 ára um þessar mundir hefði í tilefni afmælisins fært skólanum að gjöf eftirtaldar bækur: Frelsið, 1. og 2. gárgangieftir Hannes Gissurarson Uppreisn frjálshyggjunnar eftir Hannes Gissurarson og Kjar Kjartan Gunnarsson, Frjálshyggja og alræðishyggja eftir Ólaf Björnsson, Sjálfstæðisstefnan eftir Jón Þorláksson ofl. Velferðarríki á villigötum eftir Jónas Haralz Frelsi og framtak eftir Milton Friedman. Skólameistari kvaðst hafa fært gefendum bestu þakkir fyrir.
 - c. Ráðstefna um málfræðikennslu verður haldin í Reykjavík á vegum Samtaka móðurmálskennara í samvinnu við menntamálaráðuneytið dagana 15 - 16 apríl n.k. Þátttakendur verða rösklega 150 úr öllum landshlutum og af öllum skólastigum, - einkum móðurmálskennarar, en einnig aðrir er tengjast viðfangsefni ráðstefnunnar, svo sem nokkrir kennarar í erlendum málum og starfsmenn orðabókar Háskólans. Undirbúningsnefnd skipa Baldur Sigurðsson, Hjálmar Árnason og Jón Böðvarsson skólameistari, allir starfsmenn Fjölbrautaskóla Suðurnesja.
 - d. Gunnar Sveinsson gat þess að skólameistari Fjölbrautaskólans á Akranesi hefði látið í ljós áhuga á að efla kynningu milli skólanefnda á Akranesi og Suðurnesjum. Talið var æskilegt að kynningarfundir yrði haldinn hér í maí næstkomandi.

e. Tryggingamál skólans hafa verið til athugunar síðustu vikur. Skólinn hefur að sjálfsögu lögboðnar bruna-tryggingar, hjá Brunabótafélagi Íslands, auk rúðutrygginga. Fyrir liggur, að félagið er reiðubúið að taka að sér svokallaða ábyrgðartryggingu og allsherjar slysatryggingu v. kennara, nemenda og starfsfólks, sem tengist skólanum. Iðgjöld af þessu gætu numið kr. 35.00.- á þessu ári. Slíkar tryggingar ættu að firra skólann áföllum af slysum, ekki síst á iðnbrautum. Ekki er alveg ljóst ákvæði í kjarasamningum um þetta. Fyrir liggur að ríkið tryggir ekki umfram lögboðnar tryggingar. Ellert benti á að hafa þyrfti samband við fleiri tryggingafélög um iðgjalda-kostnað. Mál þetta þarfnast frekari meðferðar áður en það er afgreitt.

6. Hjálmar Árnason og Baldur Sigurðsson kennarar við skólann sem báðir búa eins og er utan Keflavíkur, sækja um endurgreiðslu á fargjöldum vegna ferða að heiman og á vinnustað. Umsókn frá þeim um þetta hefur áður verið synjað. Sturlaugur Ólafsson lagði þunga áherslu á að þeir fengju greiðslu að fullu, eins og þeir fara fram á, en til vara að nokkru, og um takmarkaðan tíma. Skólameistari kvað það jafnan hafa verið eitt af markmiðum skólans, að allir kennarar hans væru búsettir í skólahéraðinu, og hefði því ekki verið fallist á kröfu þeirra þótt þeir séu báðir afburðahæfir menn. Í sama streng tók formaður og fleiri. Tillaga um synjun á erindi þeirra var samþykkt með 3 atkvæðum, án mótatkvæða.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið.

Valtýr Guðjónsson